

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar

Ársskýrsla 2023

Sýningar

Tvær gestasýningar voru haldnar í efri sal safnsins:

Barnalán – portrettmyndir Sigurjóns af fjölskyldu Einars Sigurðssonar, útgerðarmanns í Vestmannaeyjum. Sýningin var opnuð á Safnanótt 3. febrúar 2023 og henni lauk 24. september 2023. Í fjölritaðri sýningarskrá var birt grein eftir Aðalstein Ingólfsson listfræðing.

Þann 29. September 2023 var opnuð sýning í efri sal safnsins undir heitinu *Heima og heiman*, þar sem Puríður Sigurðardóttir sýnir málverk sem tengjast safninu og Laugarnesi á sérstakan hátt. Sýningunni fylgdi myndskreytt sýningarskrá með texta eftir Markús Þór Andrésson listfræðing. Mikil aðsókn hefur verið að sýningunni og mun hún standa til 12.05.2024.

Í neðri sal safnsins var áframhald á sýningu á verkum Sigurjóns Ólafssonar undir heitinu *Úr ýmsum áttum*, sem lýkur 12.05.2024.

Tónleikar og aðrir viðburðir

Markmið Listasafns Sigurjóns Ólafssonar er að auðga mannlíf og menningu í Reykjavík. Frá upphafi safnsins fyrir 35 árum hefur safnið staðið fyrir menningarviðburðum og eru Sumartónleikarnir löngu orðnir fastir viðburðir í borgarlífinu. Í fyrra var tekin upp sú nýbreytni að halda sérstakar vetrar- og haustdagskrár í anda sumartónleikanna, en með fjölbreyttari efnisskrá. Sérstök skrá um þessa viðburði fylgir skýrslunni.

Tónleikar

Á vorönn voru haldnir níu tónleikar, sjö á Sumartónleikum og fimm um haustið. Alls voru því haldnir 21 tónleikar á vegum safnsins á árinu.

Fyrirlestrar

Fyrirlestur haldinn á vorönn um tónlistarmenningu Suður-Þingeyjarsýslu á næst liðinni öld. Tveir fyrirlestrar á haustönn voru um um refra og refilsaum. Annars vegar var fjallað um hinn þekhta Bayeux refil frá 11. öld og hins vegar um Njálurefilinn, sem er íslenskt samtímaverk sem Kristín Ragna Gunnarsdóttir, teiknari og rithöfundur, teiknaði og hannaði.

Námskeið

Með styrk frá Barnamenningarsjóði stóð safnið fyrir sumarnámskeiði undir heitinu *Úr tvívídd í þrívídd*. Námskeiðið varð ætlað börnum á aldrinum 7 – 12 ára með foreldrum sínum og var haldið þrisvar sinnum á laugardagsmorgnum í ágúst. Myndlistarkennarinn Maríbel Gonzales Sigurjóns stjórnaði námskeiðinu og var þátttaka mjög góð.

Leiðsagnir

Púra veitti leiðsögn um sýninguna sína fimm sinnum við frábærar undirtektir og á síðustu sýningarhelgi fyrir vetrarlokun, 25. og 26. nóvember, mættu rúmlega 100 manns.

35 ár frá opnun safnsins

Laugardaginn 21. október var haldið upp á að 35 ár voru liðin frá opnun safnsins. Haldnir voru tónleikar Hlífur og Carl Philippe Gionet, sem fluttu sönötur eftir Mozart, Grieg og Scherzo-Tarantella eftir Wieniawski. Sunnudaginn þar á eftir var opið hús – ókeypis aðgangur og veitingar í kaffistofunni. Carl og Hlíf léku kaffihúsatónlist og Þúra var með leiðsögn.

Útleiga á sal safnsins

Eins og á árum áður leigði Tónlistarskóli MÍT sal safnsins fyrir nokkra nemenda- og útskriftartónleka.

Kynningarmál

Tilkynningar hafa ávallt verið aðgengilegar á heimasíðu LSÓ, keyptar hafa verið smáauglýsingar í Morgunblaðinu, sem hefur birt aðsendar tilkynningar og birt viðtöl meðal annars við Þuríði Sigurðardóttur. Hverfisblað Laugardals hefur mjög oft gert starfsemi safnsins skil. Einnig var Kastljós með ítarlegt viðtal við Þuríði.

Heimsókn safnstjóra Listasafns Íslands 1. desember 2023

Ingibjörg Jóhannsdóttir, nýr safnstjóri LÍ, kom að eigin frumkvæði í heimsókn í safnið. Hún óskaði þess að heyra meira um það sem hefði gengið á í samskiptum safnsins við Listasafn Íslands.

Styrkur frá Reykjavíkurborg

Menningar- þróttar og tómstundaráði hefur veitt 400 þús. kr. styrk fyrir menningarstarf LSÓ 2024.

Skráning og rannsóknir

Uppfærsla Listaverkaskrár Sigurjóns Ólafssonar á heimasíðu safnsins hefur lítt verið sinnt undanfarinn áratug. Verkefnið hefur frá upphafi verið í höndum Geirfinns Jónssonar, sem einnig hannaði vefsíðu safnsins. Hann mun halda utan um uppfærslu Listaverkaskrárinnar eftir því sem tíminn leyfir.

Viðhald á fasteignum

Skipt var um þakglugga á sýningarsal efri hæðar og skrifstofu. Ekki tókst að skipta um þak á þessum sýningarsal né heilmála safnbygginguna, eins og ætlast hafði verið til.

Gestafjöldi

Fjöldi gesta árið 2023 var 3.538, og er það aukning frá fyrra ári sem nemur rúmlega 1200 manns, þar af komu tæplega 800 í október mánuði. Má þakka Þuríði og sýningu hennar fyrir þessa metaðsókn, því aðeins er opið um helgar í október. Að sama skapi jókst sala í kaffistofunni.

Aðalfundur félagsins var haldinn 29. júní 2023.

Stjórnarfundur haldinn 19. desember 2023

Stjórn Rekstrarfélags Grímu ehf. skipa:

Birgitta Spur, formaður, Hlíf Sigurjónsdóttir, Helgi Ágústsson, Halldóra Jónsdóttir og Vikar Pétursson. Í varastjórn félagsins eru: Guðbjörg Sandholt Gísladóttir og Þuríður Sigurðardóttir.

Endurskoðandi

Endurskoðandi rekstrarfélagsins Grímu ehf. er Eymundur Sveinn Einarsson löggiltur endurskoðandi, og endurskoðunarskrifstofa hans heldur utan um bókhald félagsins.

Aðgangseyrir

Aðgangur að safninu er ókeypis fyrir börn innan 18 ára og öryrkjar. Einnig er frítt fyrir félaga ICOM. Aðgangseyrir fyrir fullorðna eru 1000 kr. og fyrir eldri borgara 500 kr.

Safnið er opið:

1. febrúar – 31. maí: laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17.

1. júní – 15. september: daglega nema mánudaga kl. 13 – 17.

15. september – 30. nóvember: laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17.

Lokað er í desember og janúar.

Starfsfolk

Birgitta Spur sinnir ráðgjafastörfum, Hlíf Sigurjónsdóttir og Geirfinnur Jónsson, eru formlega ráðin í hálfu starfi, en eru í reynd í fullu starfi. Starfsfólk í afgreiðslu og kaffistofu voru auk þeirra: Maríbel Gonzales Sigurjóns og Ólöf Björk Ingólfssdóttir.

Sjálfboðaliðar

Safnið hefur notið ómetanlegrar aðstoðar sjálfboðaliða á kvölddagskrám – bæði á tónleikum og öðrum samkomum. Hjálparhellur voru þær Halldóra Jónsdóttir, Helga Harðardóttir, ásamt Hómfríði Þóroddsdóttur og Svanfríði Franklínssdóttur.

Yfirlit yfir tónleika og viðburði Listasafns Sigurjóns Ólafssonar

2023

– Vordagskrá –

14. febrúar „Hrosshár á strengi og holað innan tré“ – Brot úr sögu klassísks fiðluleiks á Íslandi
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og **Povl Christian Balslev** píanóleikari.
Meðal annars var fjallað um Þórarín Guðmundsson (1896–1979) sem fyrstur Íslendinga hélt utan til að læra klassískan fiðluleik og að hafa fiðluleik og kennslu að aðalstarfi. Leikin voru lög frá hans tíð og eftir hann, á fiðlu sem hann lék á.
21. febrúar *Fjárhirðar á flakki*
Katrín Heymann flautuleikari og **Össur Ingi Jónsson** óbóleikari.
Boðið var upp á ferðalag um vítt svið tónamála heimsins. Á vegum FÍT.
28. febrúar *Einleikstónleikar*
Hlíf Sigurjónsdóttir lék *Sónötu I* og *Partítu I* eftir J.S. Bach.
7. mars *Einleikstónleikar*
Hlíf Sigurjónsdóttir lék *Sónötu II* og *Partítu II* eftir J.S. Bach.
14. mars *Morricone og Rota í nýju ljósi*
Pamela De Sensi flauta, **Ármann Helgason** klarinett, **Sigurður Halldórsson** selló og **Eva Pyri Hilmarsdóttir** píanó. Á vegum FÍT.
21. mars *Einleikstónleikar*
Hlíf Sigurjónsdóttir lék *Sónötu III* og *Partítu III* eftir J.S. Bach.
28. mars *Prjár af Mannheim sönötum Mozarts*
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og **Nína Margrét Grímsdóttir** píanó. Fluttar voru *Sónötur* númer 18 í G dúr K 301, númer 21 í e moll K 304 og númer 22 í A dúr K 305.
11. apríl *Svanasöngur Schuberts*
Kristján Jóhannesson bassabaráitón og **Cole Knutson** píanóleikari fluttu söngvasafnið *Svana-söng* eftir Franz Schubert.
18. apríl Tónleikum á vegum FÍT frestað vegna veikinda
2. maí „...dalurinn hér kvað við af flautuspili smálanna sem kváðust á“
Svava Bernharðsdóttir, **Hlíf Sigurjónsdóttir** og **Herdís Anna Jónsdóttir**. Fræðsluerindi um fiðluleik í Suður-Píngeyjarsýslu á næstliðinni öld, með tóndæmum.
9. maí *Prjú strengjatríó*
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, **Martin Frewer** víóla og **Þórdís Gerður Jónsdóttir** selló.
Strengjatríó eftir Ernst von Dohnányi, Alexander Liebermann og W.A. Mozart.
16. maí *Tónlist fyrir flautu og gítar*
Hafdís Vigfúsdóttir flauta og **Svanur Vilbergsson** gítar. Á vegum FÍT.

– Sumartónleikar –

4. júlí **Dísella Lárusdóttir** sópran og **Bjarni Frímann Bjarnason** píanó.
Franskir og þýskir ljóðaflokkar. Ariettes Oubliées eftir Claude Debussy, Vier letzte Lieder eftir Richard Strauss og tvö lög úr ljóðafloknum Chanson Grises eftir Reynaldo Hahn.
11. júlí **Vorahnung / Fyrirboði**
Marina Margaritta Colda sópran og **Julia Tinhof** píanó.
Tónleikar tileinkaðir austurríkismanninum Victor Urbancic sem kom hingað til lands árið 1938 ásamt Melittu eiginkonu sinni, vegna uppgangs nazista þar í landi. Flest verka hans voru nú flutt í fyrsta skipti á Íslandi.
18. júlí **Sumarnætur**
Trío Frigg. **Íris Björk Gunnarsdóttir** sópran, **Rebekka Ingibjartsdóttir** sópran og fiðla, og **Ólína Ákadóttir** píanó. Vorleg, rómantísk og lífleg efnisskrá eftir kventónskáldin Jórunni Viðar, Agathe Backer Grøndahl, Clara Schumann, Fanny Mendelssohn Hensel, Lili Boulanger, Amy Beach og Kaja Saariaho.
25. júlí **Tuttugu sönglög frá tuttugustu öld**
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir sópran og **Eva Pyri Hilmarsdóttir** píanó.
Á efnisskrá voru meðal annars Waldsonne eftir Arnold Schönberg, *Sieben frühe Lieder* eftir Alban Berg, *Elle était descendue au bas de la prairie* eftir Lili Boulanger, *Drei Lieder der Ophelia* og *Amor* eftir Richard Strauss, *I hate Music* eftir Leonard Bernstein, *Skogen sover* eftir Hugo Alfvén og *Pótt form þín hjúpi graflín* eftir Jóhann G. Jóhannsson.
1. ágúst **Einleikstónleikar**
Mathias Halvorsen píanóleikari.
Á efnisskrá voru *Píanósónata 1.X. 1905* eftir Leoš Janáček, *Sónata* númer 2 eftir Grażyna Bacewicz og *Phrygian Gates* eftir bandaríska tónskáldið John Adams.
8. ágúst **Verk úr ýmsum áttum**
Katrin Heymann þverflauta, **Tobias Helmer** píanó, **Vigdís Másdóttir** víóla og **Össur Ingi Jónsson** óbó. *Terzetto* eftir Gustav Holst, *Bird* eftir Tobias Helmer, *Duo* eftir Edison Denisov, 2 *Inventionen* eftir Isang Yun. Þá var frumflutt verkið *Joyland* eftir Tobias Helmer, fyrir þverflautu, óbó, víólu og píanó.
15. ágúst **Flautukvartettar Mozarts**
Freyr Sigurjónsson flauta, **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Martin Frewer** víóla og **Pórdís Gerður Jónsdóttir** selló. Fluttir voru allir fjórir flautukvartettar Mozarts.

– Haustdagskrá –

3. október **Saga saumuð á langan refil**
Reynir Tómas Geirsson fyrrverandi prófessor og yfirlæknir segir frá hinum fræga refli frá Bayeux, sem saumaður var á elleftu öld. Refillinn er rúmlega 70 metra langur og myndefnið er eins konar myndasaga sem endar á orrustunni við Hastings í Englandi árið 1066.
10. október **Njálurefillinn – Sköpunarsaga hans í máli og myndum**
Kristín Ragna Gunnarsdóttir, teiknari og rithöfundur, segir frá gerð Njálurefilsins sem hún hannaði og teiknaði og fjöldi manns tók þátt í að sauma á Hvolsvelli. Njálurefillinn er rúmlega 90 metra langur með teikningum sem byggja á Njálssögu.
17. október **Tónleikar**
Hildigunnur Einarsdóttir mezzósópran og **Guðrún Dalía Salómonsdóttir** píanóleikari.
Kafað er ofan í hljóðheima franskrar tónlistar, allt frá dularfullum síðrómantískum sönglögum Duparcs yfir í nýrri hljóðheima Messiaen. Í lokin eru svo aríur Carmen og Dalilu.

21. október **35 ára afmælistónleikar safnsins**
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og **Carl Philippe Gionet** píanóleikarieikari.
Á efnisskránni eru Fiðlusónata í B dúr K 454 eftir W.A. Mozart, Sónata í c moll fyrir fiðlu og píanó ópus 45 eftir Edvard Grieg og Scherzo-Tarantella eftir Henryk Wieniawski.
24. október **Einleikstónleikar**
Kanadíski píanóleikarinn **Carl Philippe Gionet** leikur einleiksverk fyrir píanó, meðal annars franska svítu eftir J.S. Bach, Towers eftir Schelly Washington, Remembering Schubert eftir Ann Southam.
31. október **Skreyting þagnarinnar**
Sergio Coto-Blanco lútuleikari frá Costa Rica býður upp á kvöldstund sem hann tileinkar lútunni og mismunandi möguleikum hennar og verða sérstakir gestir honum til fulltingis. Þar munu hljóma verk frá gullöld lútunnar, einkum hinn fræga enska lútuleikara John Dowland.
7. nóvember **Sönglög Árna Thorsteinssonar**
Gissur Páll Gissurarson tenórsöngvari og dr. **Nína Margrét Grímsdóttir** píanóleikari.
Tónleikakynning tileinkuð sönglögum Árna Thorsteinssonar tónskálds.